



# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARÐARHREPPS 2006-2026

**Fuglaskoðunarhús**

**Landbúnaðarsvæði – fjöldi frístundahúsa**

**Verndarsvæði í byggð – hverfisvernd á miðsvæði kaupsinsins**

Maí 2020



YRKI arkitektar

Mýragata 26 • 101 Reykjavík • sími: 552-6629 • yrki@yrki.is • www.yrki.is



## 1 Aðdragandi, tilgangur og markmið með breytingum

---

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps leggur fram breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006 – 2026 til samræmis við áform sveitarstjórnar um aukna fjölbreytni í atvinnulífi og eflingu þess.

Markmiðin með þessari aðalskipulagsbreytingu eru að styrkja fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu, koma til móts við aukin ferðamannafjölda í landshlutanum, stuðla að sjálfbærri framtíðaruppbyggingu ferðamannastaða ásamt því að vernda og byggja upp miðbæjarkjarna Vopnafjarðar.

Breytingarnar sem snúa að því að:

- leyfa fuglaskoðunarhús á tveimur stöðum í sveitarfélaginu,
- breyta ákvæðum um fjölda frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum,
- setja hverfisvernd á miðsvæði Vopnafjarðarkauptúns í kjölfar vinnu við tillögu að verndarsvæði í byggð.

Nánar er fjallað um hverja breytingu fyrir sig í næstu köflum.

### 1.1 Breytingar frá kynningu lýsingar

Lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu var kynnt á íbúafundi í maí 2018. Í lýsingunni var fjallað um fimm viðfangsefni breytinga: námur, fuglaskoðunarhús, aðalstíga, landbúnaðarsvæði og verndarsvæði í byggð.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að fresta breytingum á aðalskipulagi sem snúa að námum og aðalstígum þar sem sveitarstjórn taldi það ekki tímabært að ráðast í þær breytingar.

Hér er því aðeins fjallað um þær breytingar sem snúa að fuglaskoðunarhúsum, landbúnaðarsvæðum og verndarsvæði í byggð.

Skoðað var að breyta landnotkun fyrir Hafnarbyggð 4 og 8a, eins og kom fram í lýsingu, en við nánari skoðun er ekki talin þörf á því. Hverfisverndin kemur inn sem viðbótarákvæði óháð annarri landnotkun.





## 2 Fuglaskoðunarhús

Áhugi er hjá sveitarfélaginu að koma fyrir tveimur fuglaskoðunarhúsum sem eru hluti af stærra verkefni sem kallast *Bird Trail* og nær yfir norðausturhluta landsins. Þáttaka í verkefninu er hluti af verðmætasköpun og uppbyggingu fyrir náttúruskoðun og á ferðamannastöðum í sveitarfélaginu.

Valdir hafa verið tveir staðir þar sem koma skal upp fuglaskoðunarhúsi. Annað húsið verði staðsett á Skiphólma en hitt húsið verður við Beinalón í Nýpslóni.

### Breytingar á aðalskipulagi vegna fuglaskoðunarhúsa felast í:

- Að sett er inn skilmálabreyting þar sem heimiluð verður uppbygging mannvirkja á Skiphólma, óbyggðu svæði, til útvistarnotkunar með stærðartakmörkunum.
- Að sett er inn skilmálabreyting þar sem heimiluð verður uppbygging á fuglaskoðunarhúsi, bílplani og göngustíg við Nýpslón ásamt aðkomu frá Norðaustuvegi (nr. 85).

### 2.1 Skiphólmi

Skipbólmi er lítill hólmi um 200 metra austan við Vopnafjarðarhöfn.

Brimvarnargarður tengir Miðhólma og Skiphólma saman við Kolbeinstanga og mynda skjól fyrir höfnina. Hólmurinn einkennist af lágum gróðri og miklu víðsýni.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að almenn gönguleið liggja út í hólmann sem mun styrkja útvistarmöguleika svæðisins til muna. Stígurinn er ekki kominn en fuglaskoðunarhús gæti ýtt undir þann möguleika að hann verði að veruleika.




**Mynd 2.1** Horft inn Vopnafjörð. Skiphólmi er fyrir miðri mynd en varnargarður gengur frá landi og út í hólmann.



**SKÝRINGAR:**

-  ÍBÚÐARSVÆÐI
-  MIDSVÆÐI
-  ATHAFNASVÆÐI
-  IDNADARSVÆÐI
-  HAFNARSVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
-  VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
-  OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
-  ÖBYGGÐ SVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ
-  SORPFÖRGUNARSVÆÐI
-  EFNISTÓKUSVÆÐI / EFNISLOSUN
-  NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ
-  BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRIRHUGUÐ LANDNOT
-  LANDBÚNAÐARSVÆÐI
-  VÖTN, ÁR OG SJÓR
-  STRANDSVÆÐI SEM UPPIFYLLIR LAM-HVERFISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆÐI, SBR: FYLGISKJAL 2 MEÐ REGLUGERÐ NR. 798/1999 UM FRÁVEITUR OG SKÓLP.
-  STRANDSVÆÐI Í FLOKKI B
-  STOFNBRAUT
-  TENGIBRAUT
-  ADRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR
-  BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS
-  VATNSVEITA Í JÖRD
-  RAFVEITA, LOFTLÍNA
-  RAFVEITA, JARDLÍNA
-  FJARSKIPTI Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD
-  YFIRFALL Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HÆTT Á SKIPLAGSTÍMANUM
-  AÐALSTÍGUR
-  GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
-  REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR



**Mynd 2.2** Úr þéttbýlisuppdraetti Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Hvítar útlínur sýna hvar Skiphólmi er staðsettur.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á staðnum en þegar kemur að framkvæmdum þarf minjavörður að taka svæðið út og meta hvort frekari skráningar sé þörf.



Í Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 eru Miðhólmi og Skiphólmi skilgreindir sem óbyggð svæði en þar segir:

### 3.3.13 Óbyggð svæði

*Leitast verði við að gera óbyggðu svæðin s.s. við Miðhólma og Skipshólma að opnu svæði til almennrar útiveru fyrir íbúana þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Sjá einnig kafla 3.2.3*

Breytingin felur í sér viðbót við kafla 3.3.13 Óbyggð svæði þar sem opnað er á þann möguleika að koma fyrir litlu skýli í Skiphólma. Eftir breytingu er kaflinn svohljóðandi (viðbót sýnd feitletruð):

### 3.3.13 Óbyggð svæði

Leitast verði við að gera óbyggðu svæðin s.s. við Miðhólma og Skipshólma að opnu svæði til almennrar útiveru fyrir íbúana þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð.

**Á Skiphólma er leyfilegt að reisa eitt fuglaskoðunarhús við norðurenda hólman þannig að umferð fari sem minnst inn á hann sjálfan. Slíkt mannvirki, skýli eða skúr, skal ekki hafa stærri grunnflöt en 20 m<sup>2</sup> og skal falla vel inn í umhverfi sitt. Notast skal við efnivið sem samsvarar sér vel í því umhverfi sem það er sett inn í. Virða skal fuglalíf á svæðinu og skulu mannaferðir trufla það sem minnst.**

Sjá einnig kafla 3.2.3

## 2.2 Nýpslón

Nýpslón er sjávarlón vestan við Kolbeinstanga (Tangann) í Vopnafirði. Lónið skiptist í tvennt við Straumseyri og kallast innri hluti þess Skógarlón en ytra Beinalón. Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni eru á náttúruminjasrá sem aðrar náttúruminjar. Lónið er grunnt og salt með mikið dýralíf við sérstæð skilyrði.

Við norð-vestur bakka Beinalóns er horft til þess að koma fyrir fuglaskoðunarhúsi, fyrir neðan veg (Norðausturveg, nr. 85). Svæðið er láglent, flatt gróið mólendi sem hefur verið afgirt. Svæðið er því tiltölulega lítið raskað þar sem náttúrleg gróðurframvinda fær að halda sér fyrir utan vegslóða sem landeigendur hafa nýtt sér.

Á svæðinu er runnamýrarvist sem er votlendi með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarssamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í 61. gr.





náttúruverndarlaga nr. 60/2013 kemur fram að foraðst ber röskun á slíku votlendi nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Hægt er að komast hjá því að raska votlendi við framkvæmdir á svæðinu og því er ekki gert ráð fyrir raski á því.

Samkvæmt aðalskipulagi Vopnafjarðar er svæðið hluti af landbúnaðarlandi, sjá mynd 2.3. Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á staðnum en fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis þarf minjavörður að taka svæðið út og meta hvort frekari skráningar sé þörf.

Nýpslón er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar en þar segir:

*603. Nýpslón og Skógalón, Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.*

Í kafla 3.2.12 Náttúruverndarsvæði í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps segir:

*Við deiliskipulagningu svæða verði gert ráð fyrir beltí meðfram ám, vötnum og sjó, allt að 100 m breiðu, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útivist.*

Hugmynd um fuglaskoðunarhús á svæðinu er því talin samræmast núverandi notkun þess.



**SKÝRINGAR:**

-  IBÚDARSVÆÐI
-  MIDSVÆÐI
-  ATHAFNASVÆÐI
-  IBNADARSVÆÐI
-  HAFNARSVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
-  VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
-  OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
-  ÓBYGGÐ SVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ
-  SORPFÖRGUNARSVÆÐI
-  EFNISTÓKUSVÆÐI / EFNISLOSUN
-  NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI SVÆÐI A NÁTTÜRUMINJASKRÁ
-  BLÓNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VIB FYRIRHJUGUÐ LANDNOT
-  LANDBÚNADARSVÆÐI
-  VÖTN, ÁR OG SJÖR
-  STRANDSVÆÐI SEM UPPFYLLUR UMHERFISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆÐI. SBR: FVLSGSLAL 2 MED REGLUGERÐ NR. 798/1999 UM FRÁVEITUR OG SKÓPL.
-  STRANDSVÆÐI Í FLOKKI B
-  STOFNBRAUT
-  TENGIBRAUT
-  AÐRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR
-  BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS
-  VATNSVEITA Í JÖRD
-  RAFVEITA, LOFTLÍNA
-  RAFVEITA, JARÐLÍNA
-  FJARSKIPTI Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD
-  YFIRFALL Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN Í ETT A SKIPLAGSTIMANUM
-  AÐALSTÍGUR
-  GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
-  REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR



**Mynd 2.3** Úr þéttbýlisuppdraetti Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Hvítar útlínur sýna hvar Skiphólmi er staðsettur. Beinalón er í ytri hluta Nýpslón. Áætlað áhrifsvæði vegna fuglaskoðunarhúss sýnd með hvítri brotalínu.



Til að koma fyrir fuglaskoðunarhúsi við Beinalón þarf einnig að koma fyrir bílastæði í nálægð við veginn og göngustig frá planinu og að húsinu. Gæta þarf þes að hægt sé að komast í fuglaskoðunarhúsið án þess að trufla fugla í og við lónið.

Breyting felur í sér að bætt er við undirkafla við umfjöllun um fuglaskoðunarhús við Nýpslón í kafla 3.2.12 Náttúruverndarsvæði. Settir eru skilmálar varðandi frágang:

### 3.2.12.1 Fuglaskoðunarhús við Nýpslón

Á svæði við norð-vestur bakka Beinalóns í Nýpslóni er leyfilegt að reisa eitt fuglaskoðunarhús. Slíkt mannvirki, skýli eða skúr, skal ekki hafa stærri grunnflöt en 20 m<sup>2</sup> og skal falla vel inn í umhverfi sitt þannig að það sjáist sem minnst úr fjarska. Notast skal við efnivið sem samsvarar sér vel í því umhverfi sem það er sett inn í. Huga skal að votlendi á svæðinu og reyna eftir fremsta megni að halda framkvæmdum utan þess. Ekki er leyfilegt að raska votlendi á svæðinu. Minnt er á 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Aðkoma að húsinu verði frá Norðausturvegi (nr. 85) og gönguleið þaðan að húsinu skal vera sem styst en fylgja legu lands. Til að raska landi sem minnst skal leita samráðs við landeigendur og Vegagerðina um vegtengingu og bílastæði þar sem leitast verður eftir að nýta þá vegslóða sem fyrir eru á svæðinu. Plan undir bílastæði skal að hámarki rúma tvo fólkubíla og falla að landi eins og hæg er. Göngustígur eða slóði frá bílastæði og að fuglaskoðunarhúsi skal fylgja landi eins og kostur er. Leitast skal eftir að göngustígur sé troðningur í fyrstu sem borið verður í eftir þörfum.

Við framkvæmdir vegna fuglaskoðunarhúss á svæðinu skal huga að því að halda raski í lágmarki og draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðisins eins og kostur er. Leitast skal eftir að nýta þá slóða sem fyrir eru á svæðinu og til að draga enn frekar úr neikvæðum áhrifum á gróður skal skoða þann möguleika að leggja gróðurterfur til hliðar á framkvæmdartíma og endurnýta við frágang á yfirborði.

Taka skal tillits til bakkagróðurs, leitast eftir að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi lónsins í samræmi við 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virða skal fuglalíf á svæðinu og skulu mannaferðir trufla það sem minnst.





### 3 Landbúnaðarsvæði – fjöldi frístundahúsa

---

Í Vopnafirði hefur löngum verið stundaður þrött mikill landbúnaður. Áður var búið víða um sveitirnar og jafnvel á heiðunum upp af firðinum en mörg býli fóru í eyði á liðinni öld. En á síðastliðnum árum hefur orðið mikil breyting á ferðamannaíðnaði á Íslandi. Sveitir landsins hafa séð og nýtt sér tækifærin í þessari þróun á margvíslegan hátt. Einn er sá að breyta býlum eða byggja ný hús fyrir ferðaþjónustu.

Samkvæmt aðalskipulaginu er einungis heimilt að byggja 2 frístundahús á lögbýlum. Komið hefur fram ósk frá lögbýli í sveitarfélaginu um að endurskoða þá skilmála með það að markmiði að rýmka heimildir til að efla ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

#### **Breyting á aðalskipulagi vegna frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum felst í:**

- Skilmálabreytingu sem nær til landbúnaðarlands þar sem rýmkaðar eru heimildir til uppbyggingar ferðaþjónustu, sem rúmast innan landbúnaðarsvæðis almennt og snertir sú breyting allt landbúnaðarland í sveitarfélaginu.
- Markmiðið er styðja við frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu með því að leyfa fjölgun húsa á landbúnaðarlandi án fjölgun íbúa sem kallar ekki á aukna þjónustu frá hendi sveitarfélagsins en nú þegar er veitt.

Breytingin nær til kafla 3.2.4 í greinargerð aðalskipulagsins þar sem eftirfarandi tvær málsgreinar verða felldar úr gildi með nýjum skilmálum:

*Leyfilegt er að byggja allt að 2 frístundahús á lögbýlum.*

*Almenn ferðaþjónusta til sveita er leyfð á bújörðum. Ný/viðbyggingar eða breytingar á nýtingu húsa og landrýmis skal bera undir sveitarstjórn samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.*





Eftir breytingu verður kafli 3.2.4 svohljóðandi (breyttir skilmálar eru feitletraðir):

### 3.2.4 Landbúnaður

Landsvæðið utan þéttbýlisins á Vopnafirði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**Mjög blómlegur landbúnaður er í sveitarfélaginu og er þar rekin öflug sauðfjárrækt.**

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á skilgreiningu á landbúnaðarsvæðum í sveitarfélaginu í tillögunni annarri en þeirri að stærstur hluti Kolbeinstanga verði hlíft fyrir ágangi búfjár og breytt í svæði til sérstakra nota. Einnig er jörðin Þorbrandsstaðir skilgreind sem svæði undir frístundabyggð.

**Heimilt er að veita almenna ferðapjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. ferðapjónustu bænda, gistingu og tilheyrandi þjónustu. Nýta má þann húsakost sem fyrir er á viðkomandi býli fyrir almenna ferðapjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum á mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Leyfilegt er að halda úti allt að 4 gistirými í hverju húsi á lögbýlum án frekari breytinga á aðalskipulagi.**

**Um samanlagðan heildarfjölda íbúðar- og frístundahúsa á lögbýlum gildir effirfarandi:**

	Lögbýli < 20 ha	Lögbýli 20 – 100 ha	Lögbýli > 100 ha.
Hámarks fjöldi	3	5	7

**Nýbyggingar skulu nýta sömu heimreið og lögbýli, ekki skal fjölga tengingum við þjóðvegi. Leita þarf samþykkis Vegagerðarinnar fyrir nýjum tengingum við heimreiðar.**

**Vinna skal deiliskipulag ef fleiri en tvö hús eru lögð undir gistipjónustu eða aðra starfsemi sem tengist ferðapjónustu.**

Nokkrar reið- og gönguleiðir eru um landbúnaðarsvæði sveitarfélagsins og er lögð áhersla á að merkja, kynna og skapa nýja möguleika í útivist og ferðamennsku á svæðinu.

Lögð verði áhersla á sjálfbæra þróun landsins þ.e.a.s að markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að





ofbjóða því ekki. Slík umhverfismeðvitund mun efla samfélagið og auka möguleika í ferðaþjónustu.

Skógræktarverkefni á bújörðum skal bera undir sveitarstjórn til samþykkis.

Það er markmið sveitarstjórnar að Vopnafjörður verði í fremstu röð landbúnaðarsvæða þar sem framþróun grundvallist á framsækni, samstöðu, þekkingu og frjórri búmerningu.

Til þess að svo verði er lagt til:

1. að efla framboð fræðslu á sviði landbúnaðar, í samstarfi við stofnanir á því sviði
2. að gert verði áttak á sviði umhverfismála, með flokkun úrgangs, bótum í frárennismálum og hvatningu til lífrænna búskaparháttanna
3. að aukin verði þátttaka bænda í skógræktarverkefni
4. að leitað verði leiða til að halda og auka mjólkurkvóta á svæðinu, með aðstoð ráðgefandi stofnunar,
- 5. að byggja upp þróunarstarf á sviði matvælaframleiðslu og efla fjölbreytileika í landbúnaði,**
6. að grænmetisræktun verði aukin, með stuðningi við framtak einstaklinga,
7. að kannaðir verði möguleikar á ferskvatnseldi og veiðum og vinnslu vatnasilungs.

Sjá nánar 2.2.7.2

Þegar kemur að útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa vegna þessa skal leita umsagnar Minjastofnunar Íslands vegna mögulegra fornleifa. Þá skal áminna að í leyfisumsókn þarf að koma fram samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja sem kunna að leynast á jörðum lögbýla.



## 4 Hverfisverndun vegna verndarsvæðis í byggð

Vopnafjarðarhreppur vinnur nú að tillögu að Verndarsvæði í byggð fyrir miðsvæði kaupsinsins við Vopnafjörð samkvæmt lögum þar um nr. 87/2015. Með tilliti til afmörkunar svæðisins og væntanlegs deiliskipulags af verndarsvæðinu er lögð fram tillaga um hverfisvernd í aðalskipulagi yfir miðsvæðið. Þá stendur til að fella út heimildir um landfyllingu næst Kaupfélagsbryggju.

Tilgangurinn með hverfisverndinni er að gæta að því að frekari uppbygging á svæðinu sé í samræmi við sögu og gildi svæðisins. Með því er vænst til að styrkja miðsvæðið sem heild og auka aðdráttarafl þess.

### 4.1 Umhverfi og staðhættir

Vopnafjarðarkauptún stendur á sunnanverðum (austanverðum) Kolbeinstanga, kallaður Tanginn í daglegu tali, sem stendur út í Vopnafjörð. Sérkennilegar klettamyndanir einkenna Tangann og umhverfi kaupsinsins en helsta flatlendi svæðisins er lítil eyri þar sem miðsvæðið og höfnina er að finna. Á þessum stað hefur verslun verið stunduð allt frá tímum einokunar í byrjun 17. aldar.

Aðkoma að svæðinu er um Hafnarbyggð í norðri og Kolbeinsgötu í suðri en göturnar mætast í miðju svæðisins fyrir framan Kaupvang (Hafnarbyggð 4a).

**Breytingar á aðalskipulagi vegna verndarsvæðis í byggð felast í að bætt er inn takmörkun á landnotkun með hverfisvernd yfir miðsvæði þéttbýlisins. Er það gert með því að:**

- bætt er við umfjöllun og breytt orðalagi um íbúðabyggð á miðsvæði (M) í kafla 3.3.4 í samræmi við núverandi ástand. Þá er opnað á möguleika á frekari uppbyggingu íbúðahúsnæðis á miðsvæðinu.
- bætt er inn kafla 3.3.21 um hverfisvernd (HV) í greinargerð,
- bæta inn afmörkun hverfisverndar á þéttbýlisuppdrátt,

Kafla 3.3.4 Miðsvæði í greinargerð verður svohljóðandi eftir breytingu (breytt orðalag feitletrað):

#### 3.3.4 Miðsvæði

Á miðsvæðinu er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi ásamt stjórnsýslustofnunum sem þjóna á íbúum sveitarfélagsins. Einnig er gert ráð fyrir verslunum, skrifstofum, heilbrigðisþjónustu, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði.

Stuðlað verður á skipulagstímanum að markvissri uppbyggingu





miðsvæðisins með þéttingu byggðar og uppbyggingu þjónustu þar, svo aðgengi íbúana sé sem best.

**Leyfilegt er að fjölga íbúðum í bland við aðra starfsemi í samræmi við hugmyndir um þéttingu byggðar og nálægð íbúa við verslun og þjónustu. Slík fjölgun skal vera í samræmi við núverandi íbúabyggð á svæðinu.**

**Mikilvægt er að stuðla að framförum í verslun og þjónustu á og við núverandi miðsvæði. Með bættum umhverfisfrágangi á þessu svæði má skapa heilsteypnan og aðgengilegt miðsvæði þar sem verslunar- og þjónustukjarni er í bland við íbúðabyggð.**

Í greinargerð er bætt við eftirfarandi undirkafla, aftast við kafla "3.3 Landnotkun – þéttbýlisuppráttur", um hverfisvernd:

#### 3.3.21 Hverfisvernd (HV)

**Miðsvæði Vopnafjarðarkauptúns:** Svæðið nær til elsta hluta byggðarinnar, frá lóð Vopnafjarðarkirkju og norður fyrir lóðamörk Hafnarbyggðar 7 með vestari mörkum eftir Kolbeinsgötu og Miðbraut. Afmörkun í austri liggur meðfram austurmörkum lóða Hafnarbyggðar 8A og 4 en fylgir svo sjávarmörkum áfram í suður átt, fram hjá olíubirgðastöð við Kaupfélagsbryggju. Mörkin ná utan um Kaupfélagsbryggju og suður fyrir bryggjuna, inn voginn fyrir sunnan miðsvæðið og áfram suður eftir ströndinni þar til kemur að Vopnafjarðarkirkju. Kaupfélagsbryggja og ströndin fyrir neðan Vopnafjarðarkirkju eru innan svæðisins. Sjá nánar afmörkun á uppdraetti.

Frekari landfyllingar innan svæðisins eru ekki heimilar og halda skal strandlínu óbreyttri svo lengi sem niðurbrot hennar eða ágangur sjávar ógni ekki tilvist mannvirkja eða öryggi fólks.

Allar nýbyggingar og viðbyggingar skulu falla vel að heildaryfirbragði svæðisins og taka tillit til annarra bygginga á svæðinu hvað varðar hæð, umfang byggingarefni og útlit.

Við umsókn leyfisveitinga vegna framkvæmda á svæðinu skal leita umsagnar frá Minjastofnun Íslands.





Á þéttbýliuppdrátt er bætt við hverfisvernd með sömu afmörkun og lýst er hér á undan. Sjá nánar breytingu á myndum 4.1 (fyrir breytingu) og 4.2 (eftir breytingu).

**SKÝRINGAR:**

-  ÍBÚÐARSVÆÐI
-  MIDSVÆÐI
-  ATHAFNASVÆÐI
-  IÐNAÐARSVÆÐI
-  HAFNARSVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
-  VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
-  OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
-  ÖBYGGÐ SVÆÐI
-  SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ
-  SORPFÖRGUNARSVÆÐI
-  EFNISTÓKUSVÆÐI / EFNISLOSUN
-  NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ
-  BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRRIRHUGUÐ LANDNOT
-  LANDBÚNAÐARSVÆÐI
-  VÖTN, ÁR OG SJÓR
-  STRANÐSVÆÐI SEM UPPFYLIR UMHRINGINGARSRÉTTI EYRIS OG SVÆÐISREGLINGAR. SBR. FYLGISKJÁL 2 MEÐ REGLUGERÐ NR. 798/1991 UM FRÁVEITUR OG SKÖLP.
-  STRANÐSVÆÐI Í FLOKKI B
-  STOFNBRAUT
-  TENGIBRAUT
-  AÐRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR
-  BYGGINGAR TIL NIÐURRIFIS
-  VATNSVEITA Í JÖRÐ
-  RAFVEITA, LOFTLÍNA
-  RAFVEITA, JARLÍNA
-  FJARSKIPTI Í JÖRÐ
-  FRÁVEITA Í JÖRÐ
-  YFIRFALL Í JÖRÐ
-  FRÁVEITA Í JÖRÐ NOTKUN HÆTT Á SKIPLAGSSTÍMANUM
-  AÐALSTÍGUR
-  GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
-  REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR



Mynd 4.1. Brot af þéttbýlisuppdrætti sem sýnir miðsvæðið. Fyrir breytingu. Mkv. 1:10.000



SKÝRINGAR:

-  ÍBÚDARSVÆDI
-  MIÐSVÆDI
-  ATHAFNASVÆDI
-  IÐNADARSVÆDI
-  HAFNARSVÆDI
-  SVÆDI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
-  VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆDI
-  OPIN SVÆDI TIL SÉRSTAKRA NOTA
-  ÖBYGGÐ SVÆDI
-  SVÆDI FYRIR FRÍSTUNDAÖBYGGÐ
-  SORPFÖRGUNARSVÆDI
-  EFNISLÓKUSVÆDI / EFNISLÓGUN
-  NÁTTÚRUVERNDARSVÆDI SVÆDI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ
-  BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRIRHUGUÐ LANDNOT
-  LANDBÚNADARSVÆDI
-  VÖTN, ÁR OG SJÓR
-  STRANDSVÆDI SEM UPFYLLIR LAMHVERFISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆDI, SÉR: FYLOGSKJÁL 2 MEÐ REGLUGERÐ NR. 798/1998 UM FRÁVEITUR OG SKOPL.
-  STRANDSVÆDI Í FLOKKI B
-  STOFNBRAUT
-  TENGIBRAUT
-  ADRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR
-  BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS
-  VATNSVEITA Í JÖRD
-  RAFVEITA, LOFTLÍNA
-  RAFVEITA, JARLÍNA
-  FJARSKIPTI Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD
-  YFIRFALL Í JÖRD
-  FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HEITT Á SKIPULAGSTÍMANUM
-  ADALSTÍGUR
-  GÖNGULEIDIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
-  REIÐLEIDIR/REIÐSTÍGAR



Mynd 4.2. Brot af þéttbýlisuppdrætti sem sýnir miðsvæðið. Eftir breytingu. Mkv. 1:10.000



## 5 Umhverfismat og samræmi við aðrar áætlanir

---

Breytingarnar sem um ræðir heimila ekki framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

### 5.1 Áhrif breytinga vegna fuglaskoðunarhúsa

Skilmálabreytingar vegna fuglaskoðunarhúsa opna á þann möguleika að reist verði mannvirki í Skiphólma og við Nýpslón.

Breytingin er talin hafa áhrif á eftirfarandi umhverfispætti:

- Fuglalíf
- Gróðurfar
- Landslag og ásýnd
- Samfélag – Útivist

Skiphólmi er í dag og lítið raskaður gróin en grýttur hólmi sem skýlir fyrir höfninni ásamt grjótvarnargarði. Aðgengi út í hólmann er eingöngu fært gangandi vegfarendum og erfitt yfirferðar vegna þess hversu grýtt svæðið er. Breytingin kann að auka umferð fólks út í hólmann.

Samkvæmt samantekt úr lista yfir varpfugla í Vopnafirði frá Náttúrufræðistofnun voru 56 fuglar skráðir sem varpfuglar í Vopnafirði vorið 2010. Fjórtán fuglategundir eru á válista stofnunarinnar. Skortur er á frekari upplýsingum um útbreiðslu fugla í Vopnafirði m.a. hvar tegundir halda sig.<sup>1</sup>

Aukin umferð um Skiphólma og við Nýpslón kann að raska ró fugla sem þar eru en öllu jafna er gert ráð fyrir að þeir sem stundi fuglaskoðun kunni að halda áhrifum sínum í lágmarki. Hluti af fuglaskoðun er að láta lítið fyrir sér fara svo hægt sé að sjá fuglana í sínu náttúrulega umhverfi. Ef umferð um svæðin verða of mikil má gera ráð fyrir að aðgangi um svæðin verði stýrt eða skert til að vernda fuglalíf og gróður. Meira rask kann að vera vegna framkvæmda en þau áhrif eru tímabundin og með því að halda framkvæmdum utan varptíma má draga verulega úr áhrifunum. Áhrif á fuglalíf eru því talin vera óveruleg.

Breytingin kann að hafa óveruleg áhrif á gróður í Skiphólma vegna aukinnar mannaferða. Áhrifin eru talin lítil þar sem aðstæður bjóða eingöngu upp á gangandi umferð og hægt er grípa til aðgangsstýringa ef þarf. Fuglaskoðunarhús mun breyta ásýnd á hólmann þar sem ekkert stendur upp úr honum í dag. Áhrifin

---

<sup>1</sup> Kristín Jónsdóttir (2010). *Náttúrufræðingur Vopnafjarðar*. BS ritgerð við umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands.





eru háð útfærslu en settir eru skilmálar um hámarksstærð, umfang og efnisval til mótvægis við áhrifin, sem talin eru því talin óveruleg.

Nýpslón er á náttúruminjaskrá, aðrar náttúruminjar, vegna fjörulífs og grunnsævis. Svæðið er þekkt fyrir fuglalíf. Svæðið sem um ræðir er í dag afgirt en aðgengilegt um slóða sem landeigendur hafa notað. Hægt er að ganga í fjöruborðinu en slík ganga truflar fuglalífið. Breytingin felur í sér að gerð verði vegtenging og bílaplan á grunni þeirra slóða sem fyrir eru auk þess sem gerður verður troðningur sem göngustígur að fuglaskoðunarhúsi við norð-verstu bakka Nýpslón (einnig þekkt sem Beinalón). Húsið verður látlaust og skal falla inn í umhverfi sitt.

Á norð-vesturbakka Beinalóns við Nýpslón svæðinu er runnamýrarvist sem er votlendi með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarssamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 kemur fram að foraðst ber röskun á slíku votlendi nema brýna nauðsyn beri til og ef ljóst er að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Hægt er að komast hjá því að raska votlendi við framkvæmdir á svæðinu og eru settir sérskilmálar þess efnis. Er því ekki gert ráð fyrir að votlendið verði fyrir raski.

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á gróðurfar, landslag og ásýnd við Nýpslón þar sem skilmálar kveða á um mótvægisáðgerðir til að halda raski og áhrifum á ásýnd í lágmarki.

Áhrif fuglaskoðunarhúsa í Skiphólma og á Straumseyri eru talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem þau styðja við útivist og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

## 5.2 Áhrif breytingar vegna fjölda frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum

Skilmálabreyting sem felur í sér að fjöldi frístundahúsa á bújörðum fari eftir stærð jarða. Einnig er opnað á möguleika til að nýta þegar byggð hús sem frístundahús til gistingar og ferðaþjónustu.

Breytingin er talin hafa áhrif á eftirfarandi umhverfispætti:

- Landslag og ásýnd
- Samfélag – íbúar og atvinna

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd þar sem ætlast er til að núverandi húsnæði verði nýtt áfram og að nýbyggingar kalli ekki á frekari vegtengingar. Þá skal taka sérstaklega fram í leyfisumsókn samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja sem kunna að leynast á jörðum lögbýla.



Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem henni er ætlað að styðja við ferðapjónustu í sveitarfélaginu og styrkir þar með atvinnulíf.

### 5.3 Áhrif breytinga vegna hverfisverndar vegna verndarsvæðis í byggð

Í breytingin felst í að lögð er hverfisvernd yfir miðsvæði Vopnafjarðarkauptúns, eina þéttbýlissvæði sveitarfélagsins. Er svæðið jafnframt elsti hluti þéttbýlisins og er verndunin lögð á til að vernda og draga fram sögu svæðisins.

Breytingin er talin hafa áhrif á eftirfarandi umhverfispætti:

- Menningarminjar
- Samfélag – íbúar og atvinna

Breytingin er ekki talin líkleg til að leiða af sér veruleg áhrif á umhverfið. Líkur eru á jákvæðum áhrifum á menningarminjar þar sem hverfisvernd vekur athygli á að svæðið býr yfir einhverju sem vert er að hlúa að. Þá er talið líklegt að breytingin hafi jákvæð áhrif á samfélag þar sem markmiðið með vernduninni er að styrkja svæðið og auka aðdráttarafi þess. Verndunin er talin auka vægi svæðisins sem íbúasvæði sem og verslunar- og þjónustusvæðis. Verndunin er ekki talin takmarka eða þrengja að núverandi starfsemi eða íbúðum.

### 5.4 Samræmi við aðrar áætlanir

#### 5.4.1 Landskipulagsstefna 2015 – 2026

Markið þessara breytinga er að styrkja fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu, koma til móts við aukin ferðamannafjölda í landshlutanum, stuðla að sjálfbærri framtíðaruppbyggingu ferðamannastaða ásamt því að vernda og byggja upp miðbæjarkjarna Vopnafjarðar. Er talið að þessi markmið auki samkeppnishæfni sveitarfélagsins þegar kemur að íbúum, atvinnulífi og áningarstöðum ferðamanna.

Í þessu samhengi er horft til eftirfarandi úr Landsskipulagsstefnu 2015-2026:

#### **Samkeppnishæfni**

*Skipulag byggðar getur stuðlað að samkeppnishæfni með ýmsum hætti. Með því að beina vexti á tiltekin svæði í skipulagi og styrkja innviði er unnt að stuðla að hagkvæmari uppbyggingu og efla slagkraft viðkomandi svæðis í samkeppni við önnur um íbúa, fyrirtæki og ferðamenn. Einnig má nýta skipulag til að vinna út frá sérkennum og staðaranda viðkomandi staðar og styrkja þannig viðkomandi stað sem álitlegan kost fyrir búsetu og atvinnurekstur. Því er gert ráð fyrir að samkeppnishæfni verði leiðarstef fyrir öll viðfangsefni landsskipulagsstefnu.*





#### 5.4.2 Sóknaráætlun Austurlands

Breytingin er í samræmi við þau markmið sem sett eru í sóknaráætlun Austurlands. Horft er sérstaklega til effifarandi atriða úr sóknaráætlun Austurlands:

- *Austurland er áhugaverður valkostur fyrir ungt fólk til búsetu og starfa. Nægt húsnæði er í boði, bæði til kaups og leigu.*
- *Lífsgæði íbúa eru góð. Þeim líður vel innan um nýjan og vaxandi atvinnurekstur tengdan ferðaþjónustu og ferðamennsku*
- *Austurland er þekktur áfangastaður ferðamanna sem hefur sterka innviði og gæðaþjónustu byggða á nánd við mannlíf, náttúru, menningu og afurðir svæðisins.*

#### 5.4.1 Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 -2026

Eitt af markmiðum Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er:

*2. Stefnt er að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að Vopnafjörður verði áhugaverður staður fyrir fólk að búa á, og skapa jákvæðar forsendur fyrir fyrirtæki til að staðsetja sig þar.*

Markmið þessara breytingar sem lagðar eru hér fram eru í samræmi þetta.

Að óbreyttu er engin hverfisverndun í Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Í inngangskafli aðalskipulagsins er fjallað um menningarminjar:

##### 1.2.6 Menning og náttúruminjar

*Eitt af meginmarkmiðum Vopnafjarðarhrepps er að vernda menningar- og náttúruminjar og sérkenni sveitarfélagsins. Verndun mannvirkja og náttúru- og menningarminja er liður í að varðveita og segja sögu kaupsins. Verndun byggir á þrenns konar grunni: Bæjarvernd (hverfisvernd), sem byggir á nýju ákvæði í skipulags- og byggingarlögum, friðun eða friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum og friðun eða friðlýsingu samkvæmt þjóðminjalögum. Engar samþykktir eru til um hverfisverndarsvæði innan Vopnafjarðarhrepps en innan skipulagstímabilsins er stefnt að vinnslu tillaga þess efnis.*

Afmörkun hverfisverndunar í tillögunni nær yfir nokkra landflokka, Miðsvæði (M) og Hafnarsvæði (H). Þá er Vopnafjarðarkirkja innan verndarsvæðisins en hún er á svæði fyrir þjónustustofnanir. Þessi aðalskipulagsbreyting kallar ekki á breytingar á landnotkunarflokkum né stangast á við starfsemi þeirra.



#### 5.4.2 Verndarsvæði í byggð

Vopnafjarðarhreppur hlaut styrk frá Minjastofnun til að hefja vinnu við mótun tillögu að Verndarsvæði í byggð fyrir Vopnafjörð. Verkefnið felst í því að vernda gömlu götumyndina og skipuleggja miðsvæðið með það í huga að vernda þau gömlu hús sem fyrir eru ásamt því að móta skilmála um framtíðaruppbyggingu svæðisins. Markmið verkefnisins er að draga fram og byggja á menningu og sögu miðsvæðisins til framtíðar. Ekki er búið að kynna tillögu að verndarsvæði en stendur til að gera það fljótlega.

Þá er einnig unnið að gerð deiliskipulags af svæðinu þar sem skilmálar verndarsvæðisins verða útfærðir frekar. Ekki er búið að kynna lýsingu fyrir deiliskipulagið en ráðgert er að það verði gert í kjölfar kynningu á tillögu að verndarsvæði í byggð.

Breyting á aðalskipulagi á uppruna sinn úr þessu verkefni og því í fullu samræmi við það.

#### 5.4.3 Fornleifar

Eitt að verkefnunum sem fylgja við gerð tillögu að verndarsvæði í byggð er fornleifakönnun og skráning. Verið er að leggja lokahönd á húsakönnun ásamt fornleifaskráningu á því svæði sem aðalskipulagsbreytingin nær til.



## 6 Málsmeðferð – hvencær getur þú komið að málum?

Málsmeðferð verður í samræmi við gr. 4.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytinga er varða námur, fuglaskoðunarhús, aðalstíga, landbúnaðarsvæði og verndarsvæði í byggð var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar í maí 2018.

Haldinn var opinn kynningarfundur fyrir íbúa vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi þann 8. maí þar sem farið var yfir lýsinguna, spurningum svarað og tekið við ábendingum og athugasemdum. Þá var lýsingin aðgengileg á vef Vopnafjarðarhrepps.

Ábendingar bárust frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Vegagerðinni. Ábendingar þeirra kölluðu ekki á breytingar á vinnslu þessarar tillögu sem snýr að hverfisvernd vegna verndarsvæðis í byggð. Skerpt var á texta varðandi frístundabyggð á landbúnaðarsvæðum í samræmi við ábendingar frá HAUST.

### 6.1 Kynning á breytingartillögu á vinnslustigi, umsagnir og viðbrögð við þeim

Breytingartillaga var kynnt á vinnslustigi með opnu húsi í Miklagarði þann 18. júní 2019. Tillagan var auglýst í fjölmiðli, bæði á landsvísu og svæðisvísu, auk þess að vera aðgengileg á vef Vopnafjarðarhreppar, [www.vopnafjardarhreppur.is](http://www.vopnafjardarhreppur.is).

Breytingartillagan var einnig send á eftirfarandi umsagnaraðila, auk Skipulagsstofnunar: Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST), Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnum og Vegagerðina.

Umsagnir við tillögu á vinnslustigi bárust frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Ferðamálastofu, Fljótdalshéraði, Langanesbyggð og Samgöngustofu sem gerðu ekki athugasemdir við tillöguna.

Þá bárust einni umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Vegagerðinni sem komu á framfæri ábendingum sem leiddu til lagfæringa í texta.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands beindust að því að ekki er búið að taka út fornleifar og minjar á þeim svæðum sem til stendur að reisa fuglaskoðunarhús. Þá var áréttað að við leyfisumsókn vegna frístundahúsa þarf að leita umsagna stofnunarinnar. Vegna þessara athugasemda var bætt við texta í kafla 2 og 3 í samræmi við athugasemdirnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands benti á að ekki var fjallað um fuglalíf í umhverfisskýrslu og áhrif á það vegna fuglaskoðunarhúsa. Varðandi frístundabyggð á lögbýlum





benti stofnunin á að ekki sé vikið að almennri náttúruvernd s.s. í tengslum við 61. gr. náttúruverndarlaga s.s. verndun votlendis eða jarðminja eða ábendingar um framandi ágengar plöntutegundir. Bætt var við umfjöllun um fuglalíf í kafla um umhverfismat, byggt á fyrirliggjandi gögnum. Þá var bætt við umfjöllun um 61. gr. náttúruverndarlaga í 3. kafla.

Vegagerðin benti á að leyfi þarf fyrir vegtengingum við vegi sem eru í umsjá hennar. Sömuleiðis þurfi að hafa samráð við Vegagerðina um verndun svæðis gagnvart þjóðveginum á svæðinu. Þá kemur fram í umsögn að tilgreina þurfi veghelgunarsvæði þar sem þjóðvegur er á skipulagsuppdráttum. Vegna þessa var bætt við texta um tengingar við heimreiðar í 3. kafla. Sökum mælikvarða er ekki mögulegt að sýna veghelgunarsvæði á aðalskipulagsuppdráttum en tekið verður tillit til þess í deiliskipulagsvinnu sem og á uppdráttum fyrir leyfisumsóknir.

## 6.2 Auglýsing tillögu og breytingar í kjölfar athugasemda

Þessi breyting á aðalskipulagi var auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var öllum frjálst að koma með ábendingar og athugasemdir. Tillagan var auglýst í fjölmiðli sem er dreift á landsvísu auk þess að vera aðgengileg á vef Vopnafjarðarhreppar [www.vopnafjardarhreppur.is](http://www.vopnafjardarhreppur.is).

Eftirfarandi breytingar voru gerðar í kjölfar athugasemda við auglýsta tillögu:

- Í samræmi við athugasemdir Umhverfisstofnunar varðandi votlendi við Nýpslón var skerpt á skilmálum um raska skuli ekki votlendi á þessu svæði.
  - *Bætt við skilmálum um verndun votlendis við Beinalón í Nýpslóni í kafla 2.2 ásamt frekari umfjöllun um votlendið.*
  - *Umfjöllun um votlendi og áhrif á það bætt við kafla 5.1 í umhverfismat tillögunnar.*
- Í samræmi við athugasemdir Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar er bætt við frekari ákvæðum um hámarksfjölda gistirýma:
  - *Ákvæði um að hámarksfjöldi gistirýma í hverju húsi verði 4 gistirými bætt við 3. kafla.*
  - *Skilyrði sett um að deiliskipulag skuli unnið ef um er að ræða fleiri en tvö hús fyrir gistipjónustu eða aðra starfsemi sem tengist ferðapjónustu.*



## Samþykkt og staðfesting

---

Aðalskipulagsbreyting þessi fékk málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þann

\_\_\_\_\_ .

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðafest af Skipulagsstofnun þann

\_\_\_\_\_ .

\_\_\_\_\_